



Reykjavík, 22. júlí 2021

R21070131

6600

bj

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Bólstaðarhlíð 47 - Háteigsskóli - deiliskipulag

Á fundi borgarráðs þann 22. júlí 2021 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 19. júlí 2021, varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Kennaraháskóla Íslands og Sjómannaskólareits vegna Bólstaðarhlíðar 47, ásamt fylgiskjölum.

Það tilkynnist hér með.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Færanlegar kennslustofur eru gott verkfæri til að bregðast við fjölgun í hverfi sem er annað hvort tímabundin, eða gerist hraðar en fyrirséð var. Þessi lausn hefur verið notuð til margra áratuga og hefur með árunum orðið betri og þróaðri. Þar sem fjölgunin er tímabundin eru slíkar kennslustofur mun betri nýting fjármagns og geta jafnfram risið hraðar en varanlegar byggingar.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Í tilfalli þessa hverfis á einnig að stilla upp kennslugámum sem er afar óaðlaðandi þegar horft er til lengri tíma. Hugtakið „kennslugámur“ er notað í gögnum í sambærilegu máli: Nauthólsvegur 87, skóli Hjallastefnunnar. Skammt er þangað til að hver skóli í Reykjavík verður orðinn eins og bútasaumur með kennslugámum í öllum hornum í stað þess að úthluta lóðum og byggja almennilegar, fallegar skólabyggingar sem falla vel að umhverfi og öðru skipulagi hverfisins. Fulltrúi Flokks fólksins hefur áhyggjur af framtíð skólamála í þessu hverfi og mörgum öðrum og þeim reddingum sem skipulagsyfirvöld eru að leggja hér til.

Helga Björk Laxdal

e.u.